



Alþingi
Erindi nr. P 130/2592
komudagur 21.6.2004

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 15. júní 2004

Tilvísun: 2004050164

091.1

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Umsögn um frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna

Vísað er til bréfs, dags. 14. maí 2004, þar sem óskað var umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn tekur undir þau sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu og gerir engar efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði þess.

Ríkislögreglustjórinn vill benda á hvort ekki væri eðlilegast að ákvæðin væru felld inn í ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til álita kemur að fyrsta grein frumvarpsins yrði ný grein, t.d. 218. b, í XXIII. kafla laganna um manndráp og líkamsmeiðingar. Rétt er þá að vekja athygli á því að 2. gr. frumvarpsins um gildissvið gengur lengra en 5. gr. almennra hegningarlaga og að sá fyrningarfrestur sem 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir vegna þessara brota er í 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga en bundin við brot samkvæmt XXII. kafla hegningarlaganna. Varðandi 4. gr. frumvarpsins þá telur ríkislögreglustjórinn ekki þörf á slíku þar sem fyrir er skýlaust ákvæði 17. gr. barnalaga nr. 80/2002 um tilkynningarskyldu.

F.h. RLS


Steinar Adolffson, lögl. fulltr.